



Aðalfundur Ungmennafélagsins Aftureldingar 2014.

Haldinn í Listasal Mosfellsbæjar þann 27. mars.

Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Skýrsla formanns
3. Ársreikningur
4. Fjárhagsáætlun
5. Lagabreytingar
6. heiðursviðurkenningar
7. Kosningar
8. Önnur mál

1. Fundarsetning

Guðjón Helgason formaður félagsins setti fundinn klukkan 18 og bauð fundargesti velkomna til fundarins. Lagði hann til að Hafsteinn Pálsson yrði kjörinn fundarstjóri sem samþykkt var með lófataki. Fundarstjóri þakkaði traustið og gerði tillögu um Önnu Sigríði Guðnadóttur sem fundarritara sem samþykkt var með lófaklappi. Fundarstjóri lýsti eftir athugasemdum við boðun fundarins, engar bárust og skoðast fundurinn rétt boðaður.

2. Skýrsla formanns.

Guðjón Helgason fór yfir skýrslu formanns fyrir starfsárið 2013-2014 sem lá frammi á fundinum í ársskýrslu félagsins. Kom fram í máli hans að aðalstjórn hafi fundað 13 sinnum á tímabilinu og formannafundir hafi verið 6 talsins. Þá hafa nokkrir fundir verið haldnir með deildum. Framkvæmdastjóraskipti urðu hjá félaginu á starfsárinu þegar Jóhann Helgason hætti sem framkvæmdastjóri og Indriði Jósafatsson var ráðinn í hans stað. Indriði hafði áður verið ráðinn til félagsins sem íþróttastjóri. Einu stöðugildi hefur verið bætt við á skrifstofu félagsins.

3. Ársreikningar 2013.

Hekla Klemenzdóttir gjaldkeri aðalstjórnar kynnti ársreikninga félagsins sem birtir eru í ársskýrslu félagsins. Niðurstöðutölur eru:

Rekstrartekjur	221.827.182
Rekstrargjöld	214.880.577
Hagnaður án fjármagnsliða	6.946.605
Fjármunatekur og fjármunagjöld	(734.104)
Hagnaður	6.212.501

Efnahagsreikningur:

Eignir samtals	26.343.432
Skuldir og eigið fé	26.543.342

Fundarstjóri gaf orðið laust til umræðu um skýrslu formanns og ársreikninga. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar fundarstjóri reikningana upp til samþykktar og voru þeir samþykktir einróma.

4. Fjárhagsáætlun 2014.

Indriði Jósafatsson framkvæmdastjóri félagsins kynnti fjárhagsáætlun. Gert er ráð fyrir tekjum upp á kr. 223.004.000 og gjöldum upp á kr. 223.004.000. Fjárhagsáætlun er birt í ársskýrslu félagsins sem lá frammi á fundinum.

Fundarstjóri gaf orðið laust vegna fjárhagsáætlunarinnar.

Helga Jóhannesdóttir benti á að hún saknaði þess að ekki kæmi fram í áætluninni hvernig uppgjör/millifærsla á milli deilda og aðalstjórnar skuli fara fram. Gjaldkeri skýrði að vinnulagið væri ekki tilbúið en yrði sett upp eftir aðalfund. Hlynur Chadwick spurði um auglýsingatekjur sem eru í mínus í ársreikningi aðalstjórnar. Fundarstjóri bar fjárhagsáætlun upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.

5. Lagabreytingar.

Fyrir fundinum lágu tillögur um tvær lagabreytingar. Fyrri tillagan um breytingu á 7. grein laga félagsins varðandi tímasetningar aðalfundar.

Í stað núverandi 2. setningar í 7. grein:

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 31. mars ár hvert.

Kæmi:

Aðalfundur félagsins skal haldinn á tímabilinu 15. mars til 15. apríl ár hvert.

Fundar stjórnari gaf orðið laust um breytingartillöguna. Athugasemd kom úr sal um orðalag í lagagreininni sjálfri, þ.e. ekki í breytingartillögunni, og beindi fundarstjórnari því til aðalstjórnar að skoða orðalag fyrir næsta aðalfund.

Fundarstjórnari bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

Síðari tillagan var um breytingu á 20. grein laga félagsins um systkinaafslætti og fjölgreinaafslátt.

Í stað núverandi 20. greinar - Æfingagjöld:

Æfingagjöld skulu innheimt af deildum. Aðalstjórn skal hafa eftirlit með og samræma innheimtu æfingagjaldanna. Veita skal systkinaafslátt af æfingagjöldum og ef einstaklingur er í fleiri en einni grein hjá félaginu. Afslátturinn skal vera 10% af öllum æfingagjöldum.

Kæmi:

20. grein. – Æfingagjöld- og skráning iðkenda.

Forráðamenn iðkenda eru ábyrgir fyrir skráningu iðkenda og greiðslu æfingagjalda.

Skal það gert í upphafi hvers námskeiðs, í skráningar- og greiðslukerfi Aftureldingar

á heimasíðu félagsins. Umsjón með skráningu og innheimtu æfingagjalda er hjá deildum.

Aðalstjórn skal hafa eftirlit með og samræma skráningu og innheimtu á milli deilda.

Sæki systkini námskeið innan sama tímabils er veittur 10% systkinaafsláttur af hverju námskeiði.

Stundi iðkandi tvö eða fleiri námskeið innan sama tímabils er einnig veittur 10% fjölgreinaafsláttur af hverju námskeiði. Ofangreindir afsláttir reiknast sjálfvirk frá og með annarri skráningu.

Fundarstjórnari gaf orðið laust um breytingartillöguna. Spurning kom fram um hvort þessi breyting þýddi tekjutap hjá deildum, en fundarstjórnari skýrði að þessi breytingartillaga þýddi ekki tekjutap heldur væri einungis verið að skýra framkvæmdina. Gjaldkeri BUR knattspyrnudeildar kvaddi sér hljóðs og skýrði tillöguna en hann hafði sent hana inn. Tilgangurinn er að skýra betur að barn geti fengið bæði systkinaafslátt og fjölgreinaafslátt. Heildarafsláttur barns gæti því orðið 20% í þeim tilfellum. Fundarstjórnari lagði til að útbúið yrði dæmi um hvernig systkina- og fjölgreinaafsláttur er reiknaður og það dæmi birt á vef félagsins.

Fundarstjórnari bar breytinguna upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.

Fundarstjórnari bar upp lög Ungmennafélagsins Aftureldingar með áorðnum breytingum. Samþykkt einróma.

6. Heiðursviðurkenningar

Formaður og framkvæmdastjórnari afhentu brons- silfur- og gullmerki félagsins.

Brons:

Björgvin Björgvinsson

handknattleiksdeild

Sigurbjörg Kristjánsdóttir

handknattleiksdeild

Gunnar Kristleifsson

handknattleiksdeild

Helena Sveinbjarnardóttir	handknattleiksdeild
Kolbrún Ósk Svansdóttir	handknattleiksdeild
Ólafur Hjörtur Magnússon	karate
Guðbjörg Fanndal Torfadóttir	knattspyrna
Hilmar Gunnarsson	aðalstjórn

Silfur:

Ingimar Gunnarsson	handknattleiksdeild
Svava Ýr Baldvinsdóttir	handknattleiksdeild
Ólaf Thoroddsen	badmintondeild
Gylfi Gíslason	aðalstjórn
Ólafur Ingi Óskarsson	frjálsíþróttadeild

6. Kosningar.

Fundarstjóra hafði borist eitt framboð til formanns frá Guðjóni Helgasyni. Fleiri framboð bárust ekki og skoðast Guðjón Helgason rétt kjörinn formaður Ungmennafélagsins Aftureldingar til eins árs.

Aðalmenn til tveggja ára voru kjörnir Eymundur Sigurðsson og Geirarður Long. Einn stjórnarmanna Gylfi Gíslason, sem kjörinn var til tveggja ára 2013, hafði tilkynnt að hann þyrfti að draga sig í hlé frá stjórnarstörfum. Í hans stað var kjörin Hekla Klemenzdóttir til eins árs. Varamaður til næstu tveggja ára var kjörin Anna Sigurðardóttir.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörin Helga Jóhannesdóttir og Valdimar L. Friðriksson. Skoðunarmaður deilda var kjörinn Valdimar L. Friðriksson.

8. Önnur mál.

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri kvaddi sér hljóðs og þakkaði fyrir hönd bæjarins fyrir samstarfið við félagið sem hefur verið mjög gott. Óskaði nýkjörnum formanni til hamingju með kjörið sem og þeim sem kjörnir voru til stjórnarsetu. Einnig þeim sem hlotið hefðu heiðursmerki. Í máli hans kom fram að Afturelding væri ein merkasta samfélagsstoðin í bænum sem sinnti afar mikilvægu hlutverki. Óskaði bæjarstjóri félaginu til hamingju með fábært starf. Barna og ungmennastarfið sem félagið sinnti væri ómetanlegt fyrir bæjarfélagið. Félagið sinni þessu samfélagslega verkefni í samstarfi við bæinn með miklum sóma, oft við erfiðar aðstæður. Ýmislegt hafi áunnist á undanfögnu ári í framþróun samstarfs bæjarins og félagsins. Nefndi bæjarstjóri fyrst nýjan samning milli aðila og lýsti því yfir að mjög mikilvægt væri að skilningur ríkti hjá bæjaryfirvöldum um að það kosti að reka slíkt barna- og unglíngastarf. Einnig nefndi bæjarstjóri að heimilað hafi verið útboð í sætisskeljar á Varmárvöll. Þá nefndi hann nýbygginguna sem hýsa á bardagadeildir, fimleika og félagsaðstöðu. Þeirri byggingu hefur seinkað en uppsteypu lýkur fljótlega. Til viðbótar við kostnaðinn upp á 165 milljónir hefur bæjarstjórn samþykkt 35 milljóna viðbótarframlag í sérstakan búnað fyrir fimleikasalinn. Húsið verði væntanlega tekið í notkun í maí. Bæjarstjóri ræddi einnig

fjölnota ípróttahús sem talsvert hefur verið í umræðunni í bæjarfélaginu. Bæjarstjórn hefur skipað starfshóp sem ákveða á hvernig, hvar og hvenær slíkt hús á að rísa í bænum. Í hópnum sitja auk bæjarstjóra þau Bryndís Haraldsdóttir, Theodór Kristjánsson, Jónas Sigurðsson og fulltrúi Aftureldingar sem er Óli Valur Steindórsson. Nefndin hefur þegar fundað einu sinni og sagði bæjarstjóri fundinn hafa gengið vel. Loks nefndi hann góðan árangur ýmissa deilda félagsins .

Valdimar L. Friðriksson kvaddi sér hljóðs og flutti kveðju stjórnar UMSK. Nefndi að fleiri félög væru að skoða fjölnota hús. Nefndi að kannski væri hægt að ná betra verði ef sameiginlegt útboð yrði gert. Ræddi síðan áritun skoðunarmanna reikninga og þá sérstaklega varðandi skuldir deilda við aðalstjórn. Nefndi að jafnvel þótt flestar deildir hafi átt fyrir skuldum hafi ekkert verið gert. Velti fyrir sér hvaða starfsmaður félagsins ætti að taka að sér að skuldajafna reglulega.

Gjaldkeri svaraði spurningu Hlyns undir lið 4 og skýrði að um væri að ræða óuppgerðan kostnað vegna veltuskiltisins við Vesturlandsveg.

Formaður steig í pontu og þakkaði bæjarstjóra góð orð í garð félagsins og nefndi að í stækkandi bæjarfélagi verði óhjákvæmilega gerðar meiri kröfur til félagsins og þá gerir félagið í sama mæli ríkari kröfur til bæjaryfirvalda.

Formaður vék að innleggi Valdimars varðandi getu deildanna til að greiða skuldirnar við aðalstjórn. Sagði að þótt deildir ættu fé um áramót þá væri ekki öll sagan sögð því þær þyrftu að eiga fjármuni til að greiða laun að sumrinu.

Guðrún Kristín Einarsdóttir tók næst til máls, óskaði formanni og nýrri stjórn til hamingju með kjörið. Sagði hún styrk bæjarins til rekstrar meistaraflokka vera mikið gleðiefni en mikil óánægja sé innan blakdeildar með skiptireglur aðalstjórnar milli meistaraflokka félagsins. Blakdeildinni finnst þau ekki fá réttmætan skerf. Auglýsti síðan happdrætti blakdeildar. Hvatti fundarmenn til að koma og fylgjast með mfl. kvenna verða Íslandsmeistarar.

Indriði framkvæmdastjóri steig í pontu og ræddi verkefnið Framtíðina, leiðarvísi varðandi áherslur í þjálfun Aftureldingar. Einnig nefndi hann góð störf Jóhanns fyrrverandi framkvæmdastjóra og bað fundarmenn að klappa fyrir honum fyrir hans vel unnu störf.

Viðar Halldórsson kom síðan í pontu og kynnti verkefnið Framtíðin en leiðarvísirinn lá frammi á fundinum. Verkefnið verður kynnt fyrir foreldrum í apríl svo allir sem koma að börnunum komi að framkvæmd stefnunnar. Taldi mikil tækifæri felast í þátttökunni fyrir félagið en líka prófsteinn. Verkefnið er langtímaverkefni og skiptir máli að halda vel utan um starfið.

Fundarstjóri þakkaði Viðari fyrir innleggið og lýsti ánægju sinni með verkefnið. Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs.

Fundarstjóri þakkaði samstarfið á fundinum fyrir hönd starfsmanna fundarins.

Formaður félagsins útskýrði hvernig staðið er að skiptingu bæjarstyrkja á milli meistaraflokkanna. Að lokum óskaði hann heiðursmerkjaþegum til hamingju með viðurkenninguna. Ræddi meiri samvinnu og tengsl milli deilda og milli aðalstjórnar og deilda sem væri alltaf að aukast og batna.

Þakkaði hann að síðustu fundarstjóra og ritara þeirra störf og starfsfólki skrifstofunnar fyrir undirbúning fundarins sem og skoðunarmönnum.

Formaður sleit fundi kl. 19:56.

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir